

Júlí 2019



Ársskýrsla félagsmálaráðherra 2018

Efnisyfirlit

Ársskýrsla ráðherra	3
Samantekt um starfsemi ráðuneytis 2018	5
Félags- og fjölskyldumál	6
Almannatryggingar	10
Vinnumál	11
Húsnæðismál	12
Styrkveitingar	14
Jafnréttismál	14
Norrænt samstarf	16
Fjárhagslegt umfang málefnasviða	17
Rekstur málefnasviða og málaflokka	18
Rekstur málefnasviða og málaflokka	18
Fjárfesting málaflokka	20
Markmið og staða aðgerða á málefnasviðum félags- og jafnréttismálaráðherra samkvæmt fjármálaáætlun 2018-2022	21
Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018	21
Örorka og málefni fatlaðs fólks Málefnasvið 27	22
Málefni aldraðra Málefnasvið 28	24
Fjölskyldumál Málefnasvið 29	25
Vinnumál og atvinnuleysi Málefnasvið 30	27
Húsnæðisstuðningur Málefnasvið 31	29
Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála Málefnasvið 32	30
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	31
Frávikgreining og árslokastaða ríkisaðila og fjárlagaliða	32

Ársskýrsla ráðherra

Árið 2018 var fyrsta heila ár mitt í embætti ráðherra en jafnframt síðasta árið sem annar tveggja ráðherra velferðarráðuneytisins því að um áramótin 2018/2019 breyttist ráðuneytið á þann veg að velferðarráðuneytinu, sameinuðu ráðuneyti heilbrigðis- og félagsmála, var skipt í annars vegar félagsmálaráðuneytið og hins vegar heilbrigðisráðuneytið. Á sama tíma breyttist embættistitill minn úr því að vera félags- og jafnréttismálaráðherra yfir í að vera félags- og barnamálaráðherra.

Með þeim breytingum tel ég að stigið hafi verið jákvætt skref í málefnum ráðuneytanna beggja og að með breytingu á embættistitlinum liggi helstu áherslur mínar í embætti fyrir þar sem aðaláherslan er á málefni barna. Málefni barna eru þó auðvitað ekki einn stakur málaflokkur í reynd heldur tengjast þau öllum öðrum málaflokkum félagsmálaráðuneytisins og teygja arma sína yfir í fjölmörg önnur ráðuneyti. Þá er einnig afar mikilvægt að eiga gott samstarf við sveitarfélög landsins og frjáls félagasamtök.

Í ársskýrslunni sem gefin var út árið 2018 og varðaði árið 2017 skrifaði ég um þau málefni sem þá voru efst á baugi auk málefna barna sem ég vildi helst beita mér fyrir í embætti. Þar voru nefndar mikilvægar umbætur í húsnæðismálum og samstarf við aðila vinnumarkaðarins til að stuðla að ábyrgum vinnumarkaði en einnig lenging fæðingarorlofs og hækkun orlofsgreiðslna, hækkun frítekjumarks atvinnutekna aldraðra sem og breytingar á bótakerfi örorkulífeyrisþega og lögfesting notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Tekist hefur að framkvæma margt af þessu.

Svonefndir lífskjarasamningar voru undirritaðir vorið 2019 eftir samningalotu og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins en undirbúningsvinna við þá hófst árið 2018. Í lífskjarasamningunum rúmast fjölmörg atriði er varða húsnæðismál, málefni vinnumarkaðar en ekki síst fjölskyldumál almennt. Töluverðar breytingar eru í farvatninu varðandi ábyrgð á vinnumarkaði, húsnæðismál ungs fólks og tekjulágra og tilraunaverkefni hafa verið í gangi hvað varðar styttingu vinnuviku. Þá hefur fjölmargt áunnist í tengslum við fæðingar- og foreldraorlofskerfi landsmanna. Árið 2018 var ákveðið að greiðslur til foreldra í orlofi skyldu hækkaðar og tók sú hækkun gildi árið 2019. Á næstu tveimur árum mun orlofið svo lengt þar til það nær 12 mánuðum í stað þeirra 9 sem það stendur nú í.



Mikil vinna hefur farið í að gera breytingar á bótakerfi örorkulífeyrisþega og þegar þetta er ritað hafa tillögur samráðshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga verið birtar auk fjölda annarra niðurstaðna starfshópa og nefnda sem fjallað hafa um skyld málefni. Þá hefur notendastýrð persónuleg aðstoð verið fest í sessi og gefist vel.

Þó að margt hafi áunnist á árinu 2018 eru stór verkefni fram undan. Fyrirhugaðar eru breytingar á barnaverndarlögum og er mikil vinna í gangi í þeim efnum í félagsmálaráðuneytinu. Fjöldi fólks hefur lagt hönd á plóg í þeirri vinnu og munu margir, fagaðilar jafnt sem notendur þjónustu og aðrir aðilar með þekkingu á málaflokknum, koma að vinnunni áfram. Ég bind miklar vonir við að það takist að leggja fram yfirgripsmiklar og árangursríkar tillögur í þessum málaflokki á næstunni sem gera Ísland að enn betri stað til þess að alast upp á en nú er. Ávallt er þó rými til að gera betur og fyrir því hyggst ég beita mér.

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Samantekt um starfsemi ráðuneytis 2018


Árið 2018 var síðasta starfsár velferðarráðuneytisins. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar hófst þá undirbúningur að uppskiptingu þess í heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Tveir ráðherrar fóru með yfirstjórn velferðarráðuneytisins, félags- og jafnréttismálaráðherra og heilbrigðisráðherra.

Félags- og jafnréttismálaráðherra bar samkvæmt forsetaúrskurði, nr. 85/2017, ábyrgð á félags- og fjölskyldumálum, almannatryggingum að hluta, húsnæðismálum, vinnumálum og jafnréttismálum. Undir framangreind málefni falla málefnasvið um örorku og fatlað fólk, málefni aldraðra, fjölskyldumál, vinnu- markaður og atvinnuleysi, húsnæðisstuðningur og málaflökkur um jafnréttismál.

Við uppskiptingu velferðarráðuneytisins var ákveðið að jafnréttismál myndu færast á ábyrgð forsætisráðuneytisins og málefni mannvirkja úr umhverfisráðuneytinu í félagsmálaráðuneytið. Eins að embættistitill nýs félagsmálaráðherra yrði félags- og barnamálaráðherra til að endurspegla þau áform stjórnvalda að auka áherslu á málefni barna og ungmenna. Velferðarráðuneytið starfaði í óbreyttri mynd til ársloka 2018.

Velferðarráðuneytið hefur unnið að innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri eins og önnur ráðuneyti Stjórnarráðsins en þau snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti og vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum. Ráðuneytið skilaði grænu bókhaldi fyrir árin 2017 og 2018 og uppfyllti fyrstu tvö skrefin af fimm í desember 2018. Þá komst ráðuneytið langt með að uppfylla skref þriðj á árinu og er komið vel á veg með skref fjögur. Innleiðing fimmta skrefsins er eftir.

Skipurit velferðarráðuneytisins



Félags- og fjölskyldumál

Vorið 2018 stóð félags- og jafnréttismálaráðherra fyrir ráðstefnu til þess að ræða snemmtæka íhlutun varðandi þjónustu við börn, þar sem leitast var við að svara því á hvaða sviðum íslensk stjórnvöld gætu staðið sig betur í málefnum barna. Í kjölfarið hófst markviss vinna innan veggja ráðuneytisins við heildarendurskoðun á þjónustunni undir þeim formerkjum að innleiða í auknum mæli snemmtæka íhlutun og styrkja réttindi barna almennt. Sama vor hafði ráðgjafafyrirtæki og hópi sérfræðinga verið falið að vinna að stefnumótun á sviði barnaverndar til ársins 2030 og koma með tillögur sem mætti nýta við endurskoðunina.

Hinn 5. september, á afmælisráðstefnu Barnahúss sem haldin var í Hörpu, tilkynnti félags- og jafnréttismálaráðherra um styrk til Barnahúss sem hann, dómismálaráðherra og lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákváðu að veita til opunar nýrrar starfsstöðvar Barnahúss á Akureyri. Á ráðstefnunni ræddi ráðherra einnig um hvernig tilkoma Barnahúss, á sínum tíma hefði leitt til grundvallarbreytinga við vinnslu barnaverndarmála og að með nýrri starfsstöð á Akureyri yrði stigið mikilvægt skref í þá átt að tryggja börnum á landsbyggðinni aðgang að sambærilegri sérfræðiþjónustu. Á ráðstefnunni boðaði ráðherra jafnframt aukið samstarf milli ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga í þeim tilgangi að brjóta niður múra milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Unnið yrði að verkefninu undir forystu sérstaks stýrihóps Stjórnarráðsins í málefnum barna, sem skipaður yrði fulltrúum hlutaðeigandi ráðherra. Hinn 7. september 2018 skrifuðu félags- og jafnréttismálaráðherra, heilbrigðisráðherra, dómismálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu um aukið samstarf varðandi málefni barna.



Auk fyrrgreindra sjónarmiða um samhæfingu innan Stjórnarráðsins þótti brýnt að stuðla að virkri þverpólitískri umræðu og samstöðu um málefni barna með samvinnu stýrihóps í málefnum barna við þingmenn og þingnefndir. Félags- og

jafnréttismálaráðherra ákvað því að setja á laggirnar nefnd þingmanna með fulltrúum allra þingflokka sem ætlað er það hlutverk að nýta upplýsingar úr þeirri umfangsmiklu vinnu sem fram undan er og leggja fram tillögur að breytingum á lögum, reglugerðum og framkvæmd þjónustunnar. Fyrir dyrum stendur að endurskoða barnaverndarlög, félagslega umgjörð og alla þjónustu við börn á landsvísu með það að leiðarljósi að börn verði ætíð sett í forgang. Ætlunin er að byggja meðal annars á tillögum sérfræðihóps um stefnumótun í barnavernd til ársins 2030. Þá á að tryggja nauðsynlega íhlutun svo fljótt sem kostur er og samfellu varðandi þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, leitast við að tengja betur saman stefnu í málefnum barna og stefnu í efnahagsmálum, greina hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir fjárlaga hafa á börn og hvernig unnt sé að samþætta stefnuna almennri fjárlagagerð.


Á árinu fór jafnframt fram umfangsmikil vinna innan ráðuneytisins við undirbúning að nýrri framkvæmdaáætlun í barnavernd sem áætlað er að gildi fyrir árin 2019–2022. Áætlunin var unnin í góðu samstarfi við helstu hagsmunaaðila, meðal annars um áhersluatriði og forgangsröðun verkefna.

Haustið 2018, á grundvelli aðgerðar í stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021, veitti velferðarráðuneytið embætti umboðsmanns barna fjárstyrk til að setja á laggirnar sérfræðihóp fatlaðra barna á aldrinum 13–18 ára. Áætlað er að niðurstöður þeirrar vinnu verði liður í heildstæðri stefnumótun stjórnvalda um réttindi barna í íslensku samfélagi. Á undanförunum árum hefur það verið gagnrýnt að fötluð börn og önnur börn með sérþarfir fái gjarnan ekki fullnægjandi þjónustu, meðal annars þar sem það skortir á skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga annars vegar og mismunandi stofnana hins vegar. Leitast var við að bregðast við þessu í nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, sem tóku gildi 1. október 2018, en þar er fötluðum börnum sem hafa þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa félags-, heilbrigðis- og menntamála veittur réttur til einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar. Lögin kveða jafnframt á um að veita skuli börnum þjónustu við hæfi þó svo að greining sérfræðinga á mögulegri skerðingu liggi ekki fyrir.

Velferðarvaktin

Velferðarvaktin vann að ýmsum verkefnum á árinu og lét framkvæma á ný könnun meðal sveitarfélaga um kostnaðarþátttöku vegna skólagagna grunnskólanema. Í kjölfarið hafa sveitarfélög þar sem 99% grunnskólabarna búa fellt kostnaðarþátttökuna niður. Velferðarvaktin hefur hvatt stjórnvöld til að styðja betur við rannsóknir og þróunarverkefni sem snúa að flóttamönnum og ákvað félags- og jafnréttismálaráðherra á árinu að fjárhæð til úthlutunar úr þróunarsjóði innflytjendamála skyldi á næsta ári hækka úr 10 milljónum króna í 25 milljónir króna og að áhersla verði lögð á að veita styrki til verkefna í þágu barna og ungmenna. Velferðarvaktin hefur haft til umfjöllunar brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum og á árinu var ákveðið að skoða brotthvarf úr grunnskólum þótt þar sé skólaskylda. Í lok árs var undirbúin könnun til að afla upplýsinga um skólasókn, þ.m.t. svokallaða skólaforðun í grunnskólum (á við þá sem forðast skólagöngu), sem getur nýst við umræðu og stefnumótun varðandi málefni

barna. Á árinu vann EDDA – öndvegissetur að skýrslugerð fyrir Velferðarvaktina um líf skjör og fátækt barna á Íslandi 2004–2016. Velferðarvaktin hefur staðið fyrir fundum á árinu, meðal annars um málefni skuldara og fátækt á fullveldisöld í samstarfi við EAPN (European Anti-Poverty Network) og PEPP-Ísland (e. PEP-People Experiencing Poverty). Á árinu var starfsemi Velferðarvaktarinnar kynnt, meðal annars í Færeyjum og á Egilsstöðum.



Fatlað fólk

Á árinu voru stigin mikilvæg framfaraskref í málefnum fatlaðs fólks þegar sett voru ný lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Við það féllu úr gildi lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum. Í markmiðsgrein nýrra laga er kveðið á um að þjónustan skuli miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður viðkomandi og jafnframt skuli framfylgt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í lögnum er auk annars að finna ákvæði um skyldur sveitarfélaga til að kynna sér aðstæður fatlaðs fólks og gera þeim grein fyrir rétti sínum. Samhliða lagasetningunni voru settar sjö reglugerðir, þ.e. reglugerð um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, um starfsleyfi, um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum, um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, um eftirlit og eftirfylgni, reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Einnig var hafin vinna við gerð handbókar sem felur í sér sérstakar leiðbeiningar um framkvæmd NPA. Byrjað var á gerð skýrslu um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í nóvember var haldin fjölmenn ráðstefna undir heitinu „Tímamót í velferðarþjónustu“ en þar var lögð áhersla á umfjöllun um meginþræði varðandi þjónustu við fatlað fólk til framtíðar. Var þar fjallað um mikilvægi nýsköpunar, þverfaglegar vinnu, samþættingar, notendasamráðs, kynnt ný lög og reglugerðir og um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ráðuneytið styrkti á árinu verklag sitt við samráð og samvinnu við notendur og aðra hagsmunaaðila í anda samsköpunar (e. co-creation).

Flóttafólk og innflytjendur

Verkefnum er varða málefni flóttafólks fjölgar ört innan stjórnsýslunnar; bæði koma fleiri einstaklingar hingað til lands í leit að alþjóðlegri vernd og eins hitt að íslensk stjórnvöld hafa tekið á móti fleira flóttafólki í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og í samvinnu við sveitarfélög og Rauða krossinn á Íslandi. Árið 2018 var tekið á móti 43 arabískumælandi einstaklingum sem voru staðsettir í Jórdaníu og 10 einstaklingum frá Úganda sem staðsettir voru í Kenía. Vegna móttöku þessara hópa voru gerðir samningar við Mosfellsbæ, Fjarðabyggð og Ísafjarðarkaupstað. Ríkisstjórnin ákvað að á árinu 2019 yrði tekið á móti allt að 75 flóttamönnum í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og hófst undirbúningur þess verkefnis á árinu.

Flóttafólki sem kom á eigin vegum fjölgaði umtalsvert á árinu og samhliða því jókst umfang fjölskyldusameiningar við flóttafólk. Á árinu starfaði nefnd sem hafði það hlutverk að kortleggja núverandi þjónustu við einstaklinga sem fengið hafa stöðu flóttafólks eftir umsókn um alþjóðlega vernd og gera tillögu að samræmdu móttökukerfi fyrir flóttafólk og var skipun nefndarinnar í samræmi við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árið 2016–2019.

Nýtt innflytjendaráð var skipað í júní 2018 og er skipunartími ráðsins til næstu kosninga. Helstu verkefni innflytjendaráðs á árinu voru tvíþætt, annars vegar að gera tillögur til ráðherra um áherslur vegna styrkveitinga úr þróunarsjóði innflytjendamála og hins vegar eftirfylgni á framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019. Á haustmánuðum var framkvæmt stöðumat á aðgerðum í framkvæmdaáætlun svo nýtt ráð fengi yfirsýn yfir stöðu aðgerða og gæti ákvarðað næstu skref. Undirbúningi fjölmargra aðgerða var jafnframt hrundið af stað, meðal annars rannsókn á launamun eftir bakgrunni, upplýsingaöflun um húsnæðisaðstæður innflytjenda, fræðslu til starfsfólks ríkis og sveitarfélaga til að auðvelda aðgang innflytjenda að opinberri þjónustu, stuðningi við konur af erlendum uppruna sem búið hafa við heimilisofbeldi og greining á stöðu kvenna af erlendum uppruna.

#METOO

Mikil vakning var í samfélaginu á árinu vegna kynferðisofbeldis, mismununar og áreitiss gagnvart konum og stigu konur fram undir myllumerkinu #metoo. Í kjölfar frásagna kvenna af erlendum uppruna af ofbeldi, misbeitingu og kúgun undir formerkjum #metoo-byltingarinnar var haldinn samráðsfundur í velferðaráðuneytinu til að ræða viðbrögð og tillögur að aðgerðum til að bæta stöðu kvenna af erlendum uppruna hér á landi. Meðal þess sem lagt var til að gerð yrði rannsókn um stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi og komið á fót öruggum rýmum fyrir konur af erlendum uppruna. Í kjölfarið undirritaði félags- og jafnréttismálaráðherra samning við Háskóla Íslands og verkefnið Hreyfanleiki og þverþjóðleiki á Íslandi um gerð greiningar á stöðu kvenna af erlendum uppruna og öflun eiginlegra gagna um helstu hindranir sem konur af erlendum uppruna upplifa í íslensku samfélagi. Jafnframt var Söguhringur kvenna styrktur um 5 milljónir króna og gert samkomulag þess efnis að Söguhringur kvenna

myndi bjóða aukna fræðslu um innviði íslensks samfélags og veita upplýsingar um þau úrræði sem eru fyrir hendi til að hjálpa þeim konum sem hafa verið beittar ofbeldi eða orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Söguhringur kvenna er samstarfsverkefni Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi (W.O.M.E.N) og Borgarbókasafnsins. Hluti samkomulagsins felur í sér að aðferðafræði Söguhringsins verði kynnt fyrir fleiri bókasöfnum víðs vegar um landið.

Gæða- og eftirlitsstofnun

Hinn 7. maí 2018 tók Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) til starfa en fram til þess hafði engin stofnun haft með höndum þetta formlega eftirlit með félagsþjónustu. Hlutverk GEF er að annast verkefni á sviði stjórnsýslu og eftirlits með félagsþjónustu sem veitt er af hálfu sveitarfélaga, opinberra stofnana og á grundvelli samninga. Grunnforsenda er að þjónustan falli undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eða lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Stofnunin sinnir þróun og útgáfu gæðaviðmiða og starfsleyfa fyrir þjónustu á þeim málavíðum sem undir hana heyra. Þá hefur stofnunin einnig eftirlit með þeim verkefnum og þjónustu á sviði félagsþjónustu sem heyra undir félagsmálaráðuneytið og hefur eftirlit með meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Réttindagæsla fyrir fatlað fólk starfar innan GEF sem og sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Einnig annast stofnunin endurgreiðslur til annarra stjórnvalda á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlaga.

Almannatryggingar

Einstaklingum sem metnir hafa verið með 75% örorku hjá almannatryggingum hefur fjölgað ár frá ári og unnið hefur verið að því að finna orsök þeirrar þróunar. Árið 2018 var fram haldið vinnu við undirbúning innleiðingar á starfsgetumati sem ætlunin er að taki við af læknisfræðilegu örorkumati. Faghópur sem félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði árið 2017 og hefur það hlutverk að gera tillögur að innleiðingu kerfis þar sem lögð er áhersla á að meta þjónustupörf einstaklingsins ásamt starfsgetu hans hélt áfram störfum á árinu 2018. Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði samráðshóp um breytt framfærsluferki almannatrygginga í apríl 2018 en hlutverk samráðshópsins er að koma með tillögur að nýju greiðslukerfi sem styðji markmið starfsgetumatsins. Gert er ráð fyrir nýju og einfaldara greiðslukerfi vegna skertrar starfsgetu auk þess sem ætlunin er að tryggja hvata til atvinnuþátttöku með því að draga úr tekjutengingum. Almenn samstaða hefur verið um að endurskoða þurfi lög um almannatryggingar sem og uppbyggingu elli- og örorkulífeyristrygginga og er þetta liður í þeirri vinnu.

Árið 2018 var áfram unnið að innleiðingu og þróun þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð sem öðluðust gildi árið 2017 og fólu í sér miklar réttarbætur fyrir aldraða. Með nýjum lögum var bótakerfi ellilífeyris einfaldað sérstaklega hvað varðar eingreiðslur og töku hálfis lífeyris og með sameiningu bótaflokka og frítekjumarks og auknum möguleikum til sveigjanlegra starfsloka.



Í apríl 2018 var skipaður starfshópur um kjör aldraðra með það í huga að fá betri yfirsýn yfir þær ólíku aðstæður sem eldri borgarar búa við og þá einnig að koma með tillögum um hvernig bæta megi kjör þeirra sem erfiðast hafa það. Skilaði starfshópurinn tillögum sínum í árslok 2018 þar sem áhersla var lögð á að bæta þyrfti kjör þess hóps aldraðra sem hefur takmörkuð réttindi í almannatryggingum á Íslandi vegna fyrri búsetu erlendis.

Vinumál

Í júní 2018 tóku gildi ný lög um jafna meðferð á vinnumarkaði, nr. 86/2018, sem ætlað er að vinna gegn mismunun og koma á og viðhalda jafnri meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Lögin taka á áreitni þegar hún tengist einhverjum af fyrrgreindum þáttum jafnframt því að kveða á um bann við mismunun í starfi og við ráðningu sem og bann við mismunun í tengslum við laun og önnur kjör. Samkvæmt forsetaúrskurði, nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands færðust framangreind lög undir málefnasvið forsætisráðuneytisins frá og með 1. janúar 2019.

Um mitt ár tóku gildi lög um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum, nr. 75/2018. Markmið laganna er meðal annars að veita íslenskum stjórnvöldum betri yfirsýn yfir stöðuna á innlendum vinnumarkaði varðandi starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi sem og fjölda og stöðu erlendra starfsmanna er starfa hjá slíkum fyrirtækjum hérlendis. Með lögnum voru jafnframt innleidd ákvæði um keðjuábyrgð notendafyrirtækja í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð, í lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda nr. 45/2007. Sambærileg ábyrgð notendafyrirtækja var einnig innleidd í lög um starfsmannaleigur sem ekki takmarkast við tiltekna atvinnugreinar.

Í lok árs voru greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi endurskoðaðar og var hámarksgreiðsla til foreldra hækkuð í kjölfarið í 600.000 kr. á mánuði. Gildir hækkunin um hámarksgreiðslur til foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2019 eða síðar. Er hækkunin í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.



Í október 2018 skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra samstarfshóp til að sporna gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði. Hlutverk hópsins er meðal annars að leggja til aðgerðir til að tryggja samstarf þeirra aðila sem hafa eftirlit á innlendum vinnumarkaði þannig að komi upp alvarleg mál séu þau til lykta leidd og þeir sem brotlegir reynast dregnir til ábyrgðar. Þannig verði dregið úr líkum á að vinnuveitendur komist upp með að brjóta gegn ákvæðum laga og/eða ákvæðum kjarasamninga.

Húsnæðismál

Í ársbyrjun 2018 færðist framkvæmd húsnæðisbóta frá Vinnumálastofnun til Íbúðalánasjóðs. Fjöldi greiðsla húsnæðisbóta árið 2018 var 179.828 sem gera um 15.000 viðtakendur mánaðarlega og nam heildarfjárhæð greiddra húsnæðisbóta rúmlega 5,8 milljörðum króna. Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta voru hækkaðar í upphafi árs auk þess sem frítekjumörkin voru hækkuð til samræmis við hækkun á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga. Jafnframt voru frítekju- og eignamörk í leiðbeinandi reglum ráðuneytisins um sérstakan húsnæðisstuðning hækkuð.

Íbúðalánasjóður úthlutaði á árinu stofnframlögum sem námu rúmlega 3,2 milljörðum króna til kaupa eða byggingar á 657 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi, Suðurlandi og Vesturlandi sem er aukning frá fyrra ári þegar úthlutað var stofnframlögum til byggingar eða kaupa á 426 íbúðum. Heildarfjöldi íbúða sem fengið hafa stofnframlög er því orðinn 1.592.

Haustið 2018 hófst tilraunaverkefni félagsmálaráðuneytisins og Íbúðalánasjóðs um húsnæðismál á landsbyggðinni sem hefur það að markmiði að móta lausnir til að bregðast við langvarandi stöðnun á húsnæðismarkaði á landsbyggðinni. Valin voru sjö sveitarfélög til þátttöku í tilraunaverkefninu í samráði við Byggða-

stofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þau glíma við ólíkar áskoranir í húsnæðismálum en eiga þó öll sammerkt að þar hafi óvirkur íbúða- eða leigumarkaður staðið í vegi fyrir framþróun sveitarfélagsins. Við val sveitarfélaganna, úr hópi þeirra 33 sveitarfélaga sem sóttu um þátttöku, var lagt til grundvallar að verkefnið næði til fjölbreyttra áskorana á ólíkum landsvæðum þannig að þær lausnir sem verða afurð verkefnisins komi til með að nýtast sem flestum sveitarfélögum um land allt. Að tilraunaverkefninu loknu verða áhrif og árangur aðgerðanna metin með tilliti til þess hvort slíkar lausnir skuli lögfestar sem varanleg úrræði stjórnvalda til að bregðast við óvirkum íbúða- eða leigumarkaði á landsbyggðinni til framtíðar litið. Tilraunaverkefnið er þannig mikilvægur liður í að móta varanlegar, árangursríkar og hagkvæmar lausnir til að takast á við fjölbreyttan vanda sveitarfélaga á landsbyggðinni í húsnæðismálum og gera stjórnvöldum þannig kleift að veita nauðsynlega þjónustu í almannabágu á því sviði.



Í október lagði félags- og jafnréttismálaráðherra í fyrsta sinn fram skýrslu um stöðu og þróun húsnæðismála á grundvelli breytinga sem gerðar voru á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Í skýrslunni var farið heildstætt yfir stöðu húsnæðismála hér á landi og þær áskoranir sem þar blasa við. Samhliða því var í fyrsta sinn boðað til húsnæðisþings 16. október 2018 og bar það yfirskriftina „Húsnæði fyrir alla“ en það verður framvegis árlegur viðburður. Á húsnæðisþinginu 2018 var meðal annars fjallað um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga, vanda í húsnæðismálum bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, fasteigna- og leigumarkaðinn, nýjustu rannsóknir á sviði húsnæðismála o.fl.

Í desember skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra starfshóp sem falið var að útfæra sértækar aðgerðir til að auðvelda ungu og tekjulágu fólki að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Í þeim sama mánuði skipuðu stjórnvöld jafnframt átakshóp um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Var nefndinni falið að kynna stjórnvöldum og samtökum aðila vinnu- markaðarins heildstæða lausn á viðfangsefnum sínum eigi síðar en 20. janúar 2019.

Styrkveitingar

Styrkir voru veittir úr þróunarsjóði innflytjendamála að fjárhæð rúmlega 14 milljónir króna og við val á verkefnum var lögð sérstök áhersla á börn og ungmenni en jafnframt lögð áhersla á virka þátttöku innflytjenda og aukinn sýnileika þeirra í samfélaginu. Alls fengu 23 verkefni styrk og lutu 15 þeirra að börnum og ungmennum. Hæsta styrkinn, 1,3 milljónir króna, hlaut samband íslenskra framhaldsskólanema til verkefnisins „Culture Class“ sem miðar því að útbúa myndbönd, sérstaklega ætluð ungu fólki af erlendum uppruna og foreldrum þeirra, þar sem farið yrði yfir helstu atriði er varða til dæmis samskipti kynjanna, útvistarreglur, meðferð áfengis og annarra vímuefna og stöðu hinsegin fólks.

Árlega veitir félagsmálaráðherra styrki af safnliðum fjárlaga vegna verkefna á sviði félagsmála. Venja er að ráðherra tilgreini sérstakar áherslur í auglýsingu og í ár var lögð áhersla á verkefni sem hvetja til sjálfstæðis og aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu með sérstakri áherslu á ungt fólk sem býr við félagslega einangrun. Við hátíðlega stund í Hannesarholti í febrúar úthlutaði ráðherra 179 milljónum króna til 35 félagasamtaka en alls bárust 72 umsóknir um styrki til fjölbreyttra verkefna, en umsóknum fer fjölgandi ár hvert. Verkefnin sem hlutu styrk eiga það sameiginlegt að stuðla að aukinni velferð í samfélaginu og snerta flest hver málefni barna, fátækt, félagslega virkni, geðheilsu og tengdar raskanir sem og málefni aldraðra og fatlaðra svo dæmi séu tekin. Við úthlutun styrkjanna voru kynnt sérstaklega verkefni sem ætlað er að styrkja eða koma á notendasamráði þannig að raddir þeirra sem standa oft ekki jafnfætis öðrum í samfélaginu fái að heyrast og tekið sé tillit til þeirra óska og þarfa þegar kemur að stefnumótun í tilteknum málaflokkum. Frjáls félagasamtök sinna mikilvægu starfi í þágu samfélagsins og úthlutun styrkjanna er mikilvægur liður í að styðja starfsemi þeirra.

Jafnréttismál

Starfshópur sérfræðinga Stjórnarráðsins og Jafnréttisstofu, sem falið var að undirbúa endurskoðun laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og úttekt á stjórnarsýslu jafnréttismála í alþjóðlegum samanburði, var skipaður af félags- og jafnréttismálaráðherra með erindisbréfi, dags. 22. mars 2018. Starfshópurinn mun skila skýrslu til forsætisráðherra þar sem málaflokkurinn jafnréttismál var fluttur til forsætisráðuneytisins, sbr. forsetaúrskurð nr. 119/2018, um skiptingu stjórnarmálefna ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Lög nr. 56/2017, um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun), tóku gildi 1. janúar. Lög um jafnlaunavottun byggjast á innleiðingu staðalsins ÍST 85: Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar (jafnlaunastaðall). Þau skylda fyrirtæki og stofnanir, með 25 starfsmenn eða fleiri á ársgrundvelli, til að innleiða jafnlaunakerfi sem tryggi að ákvarðanir um launamál byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Lögin gera ráð fyrir að jafnlaunavottun verði innleidd í fjórum stíjum.

Fyrstu drög að heildstæðri innleiðingaráætlun um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunartöku Stjórnarráðsins og stofnana ríkisins lágu fyrir í lok árs. Drögin voru unnin af verkefnisstjórn um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, sem skipuð var í desember 2017, en í verkefnisstjórninni voru fulltrúar forsætisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Alþingis undir formennsku velferðarráðuneytisins. Ráðherra félags- og jafnréttismála lagði skýrslu sína um stöðu og þróun jafnréttismála 2015–2017 fyrir jafnréttisþing sem haldið var dagana 7. og 8. mars undir yfirskriftinni „Útvíkkun jafnréttisstarfs – #metoo og margbreytileiki“. Á þinginu var fjallað um stöðu kvenna og karla á opinberum vettvangi og vinnumarkaði, kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð, samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun, kynbundna hatursorðræðu og hótanir sem og áhrif #metoo-byltingarinnar á möguleika kvenna til jafnra valda og áhrifa í íslensku samfélagi. Þá voru kynntar niðurstöður nýrra rannsókna á kyngreindu innihaldi fjölmiðla og launamun karla og kvenna.



Staðfestingarskjal um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbúl samningurinn) var undirritað 26. apríl 2018 af félags- og jafnréttismálaráðherra. Samningurinn gekk í kjölfarið í gildi 1. ágúst. Hann er fyrsti lagalega bindandi alþjóðasamningurinn sem tekur heildstætt á baráttunni gegn ofbeldi gegn konum og kveður á um réttindi brotabola og skyldur opinberra aðila til að sinna forvörnum gegn ofbeldi, veita vernd og aðstoða konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila og bjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð. Fullgilding samningsins af Íslands hálfu er í samræmi við efni stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og áherslur hennar í jafnréttismálum þar sem sérstaklega er fjallað um aðgerðir til að útrýma kynbundnu ofbeldi. Með það að markmiði hafði stýrihópur um heildstæðar úrbætur, að því er varðar kynferðislegt ofbeldi, verið skipaður í mars af forsætisráðherra. Meginhlutverk hópsins er að beita sér fyrir framsæknum og samhæfðum aðgerðum stjórnvalda gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri og kynbundinni áreitni og að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi.

Í nóvember lagði félags- og jafnréttismálaráðherra fram tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess en aðgerðirnar voru unnar í samstarfi við ráðuneyti heilbrigðismála, dómsmála og mennta- og menningarmála á grundvelli samstarfsyfirlýsingar frá 2017.

Í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar, um að Ísland sé fyrirmynd í jafnréttismálum og sterk jafnréttisröð á alþjóðavettvangi, stóð velferðarráðuneytið fyrir hliðarviðburði á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í mars um kynjaða hatursorðræðu á stafrænu formi og hvernig hún getur ýtt enn frekar undir kynjahalla í stjórnámálum og þannig verið hættuleg lýðræðisþróun. Þá tóku fulltrúar Íslands frá velferðarráðuneytinu, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu virkan þátt á jafnréttisfundi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem haldinn var í Vín, Austurríki. Fyrsti formlegi fundur stofnunarinnar um jafnréttismál var haldinn á Íslandi 2017 þar sem undirritað var viljayfirlýsing um samstarf milli íslenskra stjórnvalda og stofnunarinnar.

Norrænt samstarf

Fyrir utan hefðbundin störf á vettvangi norrænu embættismannanefndanna um félags- og heilbrigðismál (EK-S), um atvinnumál (EK-A) og um jafnréttismál (EK-JÄM) var unnið að undirbúningi áherslna Íslands fyrir formennskuár sitt í Norrænu ráðherranefndinni 2019. Meðal viðburða sem hafa verið undirbúnir eru:

- 1) ráðstefna um geðheilbrigði barna með áherslu á skólann sem vettvang snemmtæktrar íhlutunar,
- 2) ráðstefna um samspil félagslegrar stöðu og lýðheilsu,
- 3) ráðstefna um stöðuna tveimur árum eftir #metoo,
- 4) ráðstefna um rafræna fylgiseðla.

Einnig var undirbúin norræn ráðstefna um framtíð vinnunnar sem er lokaráðstefnan í röð ráðstefna sem haldnar hafa verið í þeim löndum sem fara með formenskuna í norrænu samstarfi frá 2016. Þessum ráðstefnum er ætlað að vera hið norræna framlag til 100 ára afmælis Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) 2019. Þá tóku ráðherrar jafnréttismála á Norðurlöndunum þátt í 62. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York, í mars 2018. Meginþema fundarins fjallaði um áskoranir og tækifæri við vinnu að auknu kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna í dreifbýli.


Fyrir utan undirbúning hefðbundinna ráðherrafunda var unnið að undirbúningi fundar norrænu húsnæðismálaráðherranna sem fram fer haustið 2019. Einnig fór á árinu fram vinna, í samstarfi við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem sinna norrænu samstarfi, að þriggja ára formennskuverkefni sem nær til árana 2019–2021. Verkefnið nefnist Fyrstu 1000 dagar barnsins og beinist að því að skoða hvernig Norðurlöndin vinna að eflingu geðheilsu og vellíðanar á fyrstu æviárum barna og hvaða aðferðum er beitt til að bregðast snemma við áhættuþáttum í lífi barna og foreldra þeirra. Á árinu skilaði Árni Páll Árnason, fyrrum félags- og tryggingamálaráðherra, stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi í félagsmálum undir nafninu Þekking sem nýtist – tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála. Í skýrslunni eru 14 tillögur um hvernig megi efla norrænt samstarf í félagsmálum og er hafin vinna við að raungera þær.

Fjárhagslegt umfang málefnasviða

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang málefnasviða velferðarráðuneytisins sem heyrðu undir félags- og jafnréttisráðherra árið 2018. Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu.

Ábyrgð á málefnasviði 28 Málefni aldraðra er alfarið hjá félags- og jafnréttisráðherra. Innan annarra málefnasviða eru málaflokkar sem tilheyra öðrum ráðuneytum. Útgjöld vegna þeirra málaflokka eru þá tilgreind hjá viðkomandi ráðuneytum.

Raun útgjöld málefnasviða



Fjárhæðir í milljónum króna

Rekstur málefнасviða og málaflokka

Rekstur málefнасviða og málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	56.931	57.350	-431	-0,8%	12	431	0,8%
2710 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	40.567	41.028	-461	-1,1%	0	-461	-1,1%
2720 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	15.740	15.597	143	0,9%	0	143	0,9%
2730 - Málefni fatlaðs fólks	529	564	-46	-8,1%	12	-46	-8,1%
2740 - Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)	95	162	-67	-41,4%	0	-67	-41,4%
28 Málefni aldraðra	74.179	76.247	-2.068	-2,7%	0	-2.068	-2,7%
2810 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	68.296	69.772	-1.476	-2,1%	0	-1.476	-2,1%
2820 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	5.870	6.452	-582	-9,0%	0	-582	-9,0%
2830 - Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	13	23	-10	-42,8%	0	-10	-42,8%
29 Fjölskyldumál	19.549	19.973	-778	-3,8%	354	-778	-3,8%
2920 - Fæðingarorlof	12.394	12.556	-161	-1,3%	0	-161	-1,3%
2930 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	375	418	-43	-10,3%	0	-43	-10,3%
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	6.062	6.084	-264	-4,2%	242	-264	-4,2%
2950 - Bætur til eftirlifenda	401	504	-102	-20,3%	0	-102	-20,3%
2970 - Málefni innflytjenda og flóttamanna	316	411	-207	-39,6%	112	-207	-39,6%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	18.451	18.330	68	0,4%	53	68	0,4%
3010 - Vinnumál og atvinnuleysi	17.688	17.519	154	0,9%	14	154	0,9%
3020 - Vinnumarkaður	763	811	-86	-10,2%	38	-86	-10,2%
31 Húsnæðisstuðningur	9.926	9.393	555	5,9%	-22	555	5,9%
3110 - Húsnæðisstuðningur	9.926	9.393	555	5,9%	-22	555	5,9%
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	2.159	2.404	-285	-11,7%	10	-285	-11,7%
3220 - Jafnréttismál	249	222	8	3,3%	11	8	3,3%
3230 - Stjórnsýsla velferðarmála	1.909	2.183	-293	-13,3%	-1	-293	-13,3%

Fjárhæðir í milljónum króna

Alls námu heildarútgjöld, gjöld og fjárfesting, þeirra málaflokka sem félags- og jafnréttisráðherra ber ábyrgð á 181,2 ma.kr. árið 2018 en áætlun ársins gerði ráð fyrir að heildarútgjöldin á árinu yrðu 183,7 ma.kr. Endanleg útkoma reyndist því vera 2,5 ma.kr innan áætlunar eða sem nemur um 1,4%.

Frávik undir áætlun nema alls tæpum 3,2 ma. kr. Megin skýringar frávikanna eru;

- Málefнасvið 28 Málefni aldraðra þar voru útgjöld tæplega 2,1 ma. kr. lægri en gert var ráð fyrir. Árið 2017 voru gerðar breytingar á bótakerfi almannatrygginga í þágu ellilífeyrisþega, með einfaldara bótakerfi, einum megin bótaflokki, lægra frítekjumarki og hækkan heimilisuppbótar hjá þeim sem búa einir. Í fjárlögum 2018 var kostnaður við þessa kerfisbreytingu ofmetinn um rúma 2 ma. kr.

- Málefнасvið 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks þar sem útgjöld voru rúmum 400 m.kr. lægri en áætlað var í fjárlögum. Sem hlutfall af fjárheimild ársins, rúmum 57 ma. kr., er það frávik sem nemur 0,8%, sem er ásættanlegt.
- Málefнасvið 29 Fjölskyldumál var tæpar 800 m.kr. innan áætlunar. Af þeirri fjárhæð eru um 350 m.kr. óhafin fjárheimild frá árinu 2017 sem gert var ráð fyrir að ráðstafað yrði á árinu 2018. Að teknu tilliti til þess var afgangur ársins um 400 m.kr. eða 2,1% af fjárheimild ársins.
- Málefнасvið 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála þar voru útgjöld tæpum 300 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir. Það frávik skýrist að langmestu leyti með heimild að fjárhæð 250 m.kr. sem veitt var til Tryggingastofnunar ríkisins í fjárukaalögum 2018 vegna flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði í ársbyrjun 2019, en gert hafði verið ráð fyrir að stærsti hluti flutningskostnaðar myndi falla til á árinu 2018. Tekið skal fram að allur kostnaður vegna yfirstjórnar velferðarráðuneytisins, þar með talin verkefni sem tengjast félags- og jafnréttismálum, er tiltekinn í ársskýrslu heilbrigðisráðherra.

Frávik umfram áætlun voru rúmar 600 m. kr. Þar vegur þyngst að útgjöld vegna málefnasviðs 31 Húsnæðisstuðningur fóru 555 m.kr. umfram fjárheimild ársins. Undir þann hluta málefnasviðsins sem er á forræði félags- og jafnréttisráðherra falla annars vegar húsnæðisbætur og hins vegar leiguíbúðir. Útgjöld vega húsnæðisbóta voru 138 m.kr. innan fjárheimildar. Útgjöld vegna leiguíbúða fóru á hinn bóginn 694 m.kr. umfram fjárheimild. Á fjárlagalið 08-861 Leiguíbúðir voru í fjárlögum 2018 ætlaðar 2.967 m.kr. til greiðslu stofnframlaga almennar íbúða. Útgjöld til stofnframlaga og umsýslu þeirra urðu á hinn bóginn 3.011 eða 44 m.kr. umfram heimild. Í fjárlögum var jafnframt veitt greiðsluheimild að fjárhæð 666 m.kr. til greiðslu á vaxtamun á lánum sem Íbúðalánasjóður veitti til bygginga/kaupa á félagslegum leiguíbúðum árin 1999-2017. Greiðslur til Íbúðalánasjóðs árið 2018 vegna þessa vaxtamunar voru 650 m.kr. og halli fjárlagaliðarins því samtals 694 m.kr.

Fjárfesting málaflokka

Málaflokkar	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Ónýtt heimild í árslok
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks	25.497	0	0	-25.497
2710 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	0	0	0	0
2720 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	0	0	0	0
2730 - Málefni fatlaðs fólks	25.497	0	0	-25.497
2740 - Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyrstrygg.)	0	0	0	0
28 Málefni aldraðra	0	0	0	0
2810 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	0	0	0	0
2820 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	0	0	0	0
2830 - Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	0	0	0	0
29 Fjölskyldumál	38.398.702	238.600.000	0	200.201.298
2920 - Fæðingarorlof	0	0	0	0
2930 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	0	0	0	0
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	38.319.550	238.600.000	0	200.280.450
2950 - Bætur til eftirlifenda	0	0	0	0
2970 - Málefni innflytjenda og flóttamanna	79.152	0	0	-79.152
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	47.246.225	19.100.000	0	-28.146.225
3010 - Vinnumál og atvinnuleysi	5.607.610	3.200.000	0	-2.407.610
3020 - Vinnumarkaður	41.638.615	15.900.000	0	-25.738.615
31 Húsnæðisstuðningur	0	0	158.500.000	158.500.000
3110 - Húsnæðisstuðningur	0	0	158.500.000	158.500.000
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	98.029.653	41.700.000	0	-56.329.653
3220 - Jafnréttismál	517.217	-700.000	0	-1.217.217
3230 - Stjórnsýsla velferðarmála	97.512.436	42.400.000	0	-55.112.436

Málaflokkur 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Til ráðstöfunar í fjárfestingar voru áætlaðar 238,6 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að 225 m.kr. voru ætlaðar til byggingar meðferðarheimilis fyrir börn og unglunga á vegum Barnaverndarstofu, en 13,6 m.kr. hjá öðrum stofnunum er undir málaflokkinn falla. Framlag til byggingar meðferðarheimilisins var ekki nýtt á árinu. Heimilið mun rísa í Garðabæ og er áformað að framkvæmdir hefjist árið 2020. Útgjöld vegna fjárfestinga annarra stofnana málaflokksins voru 38,3 m.kr. eða umtalsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Málaflokkur 30.20 Vinnumarkaður

Til ráðstöfunar í fjárfestingar voru ætlaðar 15,9 m.kr. Útgjöld urðu á hinn bóginn 41,6 m.kr. eða 25,7 m.kr. umfram áætlun. Skiptast þau útgjöld nokkuð jafnt milli tveggja stofnana annars vegar embættis Ríkissáttasemjara og hins vegar Vinnu- eftirlits ríkisins.

Málaflokkur 32.30 Stjórnsýsla velferðarmála

Áætlun gerði ráð fyrir 42,4 m.kr. til fjárfestinga. Útgjöld urðu á hinn bóginn 97,5 m.kr. Mismunurinn liggur alfarið í kostnaði vegna flutnings Tryggingastofnunar ríkisins í nýtt húsnæði. Fjárveiting til þess flutnings fékkst í fjárukalögum 2018 en var fyrir mistök færð á rekstrargjöld þegar stærsti hluti kostnaðar er eignakaup á búnaði. Gert er ráð fyrir að þessi færsla verði leiðrétt við flutning á milli ára.

Markmið og staða aðgerða á málefnasviðum félags- og jafnréttismálaráðherra samkvæmt fjármálaáætlun 2018-2022

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	4				1	5
27.2 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	1					1
27.3 Málefni fatlaðs fólks			2		2	4
28.1 Málefni aldraðra, lífeyrir aldraðra	4				1	5
29.2 Fæðingarorlof					1	1
29.4 Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn	1	1			1	3
29.7 Málefni innflytjenda og flóttamanna	1	1	2			4
30.1 Vinnumál og atvinnuleysi	1	1	3			5
30.2 Vinnumarkaður	1	2	1		2	6
31.1 Húsnæðisstuðningur			2			2
32.2 Jafnréttismál	1		4		1	6
Samtals aðgerðir	9	8	8	8	9	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Örorka og málefni fatlaðs fólks Málefnasvið 27

Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

MARKMIÐ 1:

Meiri áhersla lögð á getu fólks til starfa

Aðgerð	Tímabil
Gerðar verði breytingar á lögum um almannatryggingar sem miði að því að tekið verði upp starfsgetumat í stað læknisfræðilegs örorkumats.	2017-2020
Greina orsakir þess að öryrkjum fjölgar og finna leiðir til að bregðast við þeim.	2017-2018
Auka áherslu á aðstoð og stuðning sem gerir ungu fólki með skerta starfsgetu kleift að vera þátttakendur á vinnumarkaði, meðal annars með aukinni áherslu á starfsendurhæfingu, bættri félagsþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu.	2017-2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2:

Einföldun örorkulífeyriskerfis almannatrygginga

Aðgerð	Tímabil
Gerðar verði breytingar á lögum um almannatryggingar sem miði að því að tekið verði upp einfaldara bótakerfi vegna örorku þar sem bótaflokkar verða sameinaðir og útreikningar einfaldaðir.	2017-2020
Koma í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða.	2017-2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, örorka

MARKMIÐ 1:

Auka hlutfall þeirra sem hefja störf á vinnumarkaði að lokinni starfsendurhæfingu

Aðgerð	Tímabil
Þegar einstaklingur er talinn tilbúinn til að fara í virka atvinnuleit verði að gera þríhliða starfsþjálfunarsamning til sex til tólf mánaða í þeirri starfsgrein sem viðkomandi vill starfa innan.	2017-2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Málefni fatlaðs fólks

MARKMIÐ 1:

Stuðningur, ráðgjöf og eftirlit með þjónustu við fatlað fólk verði aukið til að tryggja mannréttindi þess

Aðgerð	Tímabil
Stjórnsýslu og eftirlitsstofnun eða ráðuneytisstofnun verði sett á laggirnar.	2017-2018
■ Aðgerð ekki hafin ■ Undirbúningur hafinn ■ Aðgerð hafin ■ Aðgerð komin vel á veg ■ Aðgerð lokið	

MARKMIÐ 2:

Þjónusta við fatlað fólk verði eflað þannig að það geti lifað sjálfstæðu lífi

Aðgerð	Tímabil
Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks er gert ráð fyrir að gerð verði könnun til að mæla viðhorf fatlaðs fólks, meðal annars til að þjónustu sem veitt er. Kynning meðal starfsmanna sveitarfélaganna á samningi Sameinuðu þjóðanna.	2018-2019
Lögfesting á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA).	2017-2018
■ Aðgerð ekki hafin ■ Undirbúningur hafinn ■ Aðgerð hafin ■ Aðgerð komin vel á veg ■ Aðgerð lokið	

MARKMIÐ 3:

Að fötluð börn og ungmenni eigi kost á frístundaþjónustu

Aðgerð	Tímabil
Fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístundatilboðum yfir daginn meðan skóli er starfandi, í skólafríum og á próftímum þegar hefðbundnir skóladagar eru skertir. Frístundatilboð verði samþætt almennum frístundatilboðum fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar við á.	2018-2022
■ Aðgerð ekki hafin ■ Undirbúningur hafinn ■ Aðgerð hafin ■ Aðgerð komin vel á veg ■ Aðgerð lokið	

Málefni aldraðra Málefnasvið 28

Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

MARKMIÐ 1:

Auka atvinnuþátttöku aldraðra og möguleika á sveigjanlegum starfslokum

Aðgerð	Tímabil
Hækka lögbundinn lífeyristökualdur í áföngum.	2018-2041
Kynningarátak á auknum sveigjanleika og hækkun bóta vegna seinkunar lífeyristöku.	2017-2019
Endurskoða aldurshámark, til dæmis í lögum um opinbera starfsmenn.	2017-2018
Hækka frítekjumark vegna atvinnutekna.	2018-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2:

Hækka heildartekjur ellilífeyrisþega

Aðgerð	Tímabil
Hvetja til aukins séreignarlífeyrissparnaðar.	2017-2020
Hækka frítekjumark vegna atvinnutekna.	2018-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Fjölskyldumál Málefнасvið 29

Fæðingarorlof

MARKMIÐ 1:

Draga úr röskun á tekjuinnkomu foreldra í fæðingarorlofi

Aðgerð	Tímabil
Breyta reglugerð þannig að mánaðarlegar hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi hækki í 520 þúsund kr. vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2018 og 560 þúsund kr. vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2019 og 600 þúsund kr. vegna barna sem fæðast, verða ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2020 eða síðar.	2018-2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

MARKMIÐ 1:

Börn og fjölskyldur fái heildstæðan stuðning þó að ólík þjónustukerfi komi að þjónustunni.

Aðgerð	Tímabil
Sveitarfélögin í samvinnu við viðeigandi aðila hjá ríkinu vinni að því að innleiða verklag um að börn með fjölþættan vanda fái málstjóra eða samhæfingaraðila (sjá aðgerð 6.1 í þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu 2017–2021).	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2:

Bætt eftirlit með félagslegri þjónustu

Aðgerð	Tímabil
Komið verði á fót stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun/einingu.	2018-2020

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3:

Spornað verði gegn fátækt

Aðgerð	Tímabil
Tillögur um að barnabætur (29.1) og breytt fyrirkomulag greiðslna með börnum sem miðar að því að þær byggist á tekjum foreldra, en ekki stöðu þeirra, munu ásamt fleiri aðgerðum vinna gegn fátækt á heimilum þar sem tekjur eru undir lágtekjumörkum (sjá aðgerð 1.1 í tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu 2017–2021).	2018-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Málefni innflytjenda og flóttamanna

MARKMIÐ 1:

Jafna tækifæri landsmanna óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum

Aðgerð	Tímabil
Innleiðing framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda til ársins 2019.	2017-2019
Aðgangur að upplýsingum bættur fyrir innflytjendur fyrst eftir komu sem og upplýsingar til innflytjenda frá sveitarfélögum.	2017-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2:

Auka samstarf milli allra þjónustuaðila

Aðgerð	Tímabil
Innleiðing framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda til ársins 2019.	2017-2019
Aðgangur að upplýsingum bættur fyrir innflytjendur fyrst eftir komu sem og upplýsingar til innflytjenda frá sveitarfélögum.	2017-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3:

Móttaka flóttafólks verði samræmd óháð því hvort það komi sem kvótaflóttafólk eða á eigin vegum

Aðgerð	Tímabil
Fyrirmynd að móttökuáætlun fyrir sveitarfélög, kynningar og innleiðing.	2017-2022
Samræmd móttaka fyrir flóttafólk óháð því eftir hvaða leiðum það kemur til landsins.	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Vinnumál og atvinnuleysi Málefna svið 30

Vinnumál og atvinnuleysi

MARKMIÐ 1:

Hver tryggður atvinnuleitandi hafi fundið starf, hafið þátttöku í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, fengið starfsþjálfunarsamning eða hafið nám að meðaltali innan við níu mánuði frá því að hann skráði sig án atvinnu hjá Vinnumálastofnun

Aðgerð	Tímabil
Átaksverkefni í því skyni að ná því markmiði að atvinnuleitandi njóti einstaklingsmiðaðrar þjónustu þegar við níu mánaða atvinnuleysi.	2018-2022
Hafi atvinnuleitandi verið í níu mánuði í virkri atvinnuleit verði greindar ástæður þess að viðkomandi hafi ekki fengið vinnu og þá metið hvort ástæða sé til að leita eftir starfsþjálfunarsamningi eða þjónustu VIRK. Í kjölfarið verði komið á reglulegu greiningarfyrirkomulagi.	2018

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2:

Auka hlutfall þátttakenda í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, sem áætlað er að hafi meira en 25% starfsgetu, sem hafi fundið starf, fengið starfsþjálfunarsamning eða hafið nám innan við 12 mánuðum eftir að virk atvinnuleit hófst með aðstoð Vinnumálastofnunar

Aðgerð	Tímabil
Leita leiða til að efla atvinnutengda starfsendurhæfingu.	2018
Heimilað verði að gera þríhliða starfsþjálfunarsamninga í allt að ár milli Vinnumálastofnunar, atvinnuleitanda og vinnuveitanda þar sem endurhæfingarbætur eru greiddar beint til vinnuveitanda sem aftur greiðir atvinnuleitanda laun samkvæmt kjarasamningi.	2018

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3:

Vinnusamningum öryrkja verði fjölgað á árunum 2017–2020.

Aðgerð	Tímabil
Átak verði hafið við að finna störf fyrir fólk með skerta starfsgetu.	2018

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

Vinnumarkaður

MARKMIÐ 1:

Fyrirbyggjandi sáttamiðlun verði innleidd og úrvinnsla launaupplýsinga hjá embætti ríkissáttasemjara verði eflað fyrir áramótin 2018/2019

Aðgerð	Tímabil
Skipun sérstakrar launatölfræðinefndar með fulltrúum stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins.	2018
Vinnsla launatölfræði upplýsinga hjá embætti ríkissáttasemjara í því skyni að bæta þjónustu embættisins við sáttamiðlunarstörfin enn frekar.	2018
Átak í að kalla samninganefndir atvinnurekanda launafólks fyrir að samningaborðinu vegna kjarasamninga sem verða lausir undir lok árs 2018 og byrjun árs 2019 ásamt því að bjóða upp á fræðslu fyrir samninganefndir.	2018

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2:

Tíðni vinnuslysa og þá sérstaklega þeirra þar sem beinbrot verða, lækki á árunum 2018–2021

Aðgerð	Tímabil
Aukið forvarnarstarf, þar á meðal fræðsla um orsakir vinnuslysa í einstökum starfsgreinum.	2018-2022
Rannsókn á hugsanlegum tengslum aðstæðna á vinnustöðum, þar á meðal skipulagi vinnunnar, vinnuálags og forvarna, við brottfall fólks af vinnumarkaði inn í almannatryggingakerfið.	2018
Í fyrirtækjaeftirliti Vinnueftirlitsins verði lögð áhersla á þætti í skipulagi vinnunnar sem geta leitt til aukins álags á starfsfólk og þekkta áhættuþætti í tengslum við stoðkerfisvanda ásamt því að eftirlit með vinnutíma starfsmanna verði eflt.	2018-2022

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

Húsnæðisstuðningur Málefnasvið 31

Húsnæðisstuðningur

MARKMIÐ 1:

Landsmenn eigi þess kost að eignast eigið húsnæði og hafi val um búsetuform

Aðgerð	Tímabil
Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings kaupa á fyrstu íbúð.	2017-2022
Stofnstyrkir til bygginga allt að 1.800 nýrra almennra íbúða.	2018-2021

■ Aðgerð ekki hafin ■ Undirbúningur hafinn ■ Aðgerð hafin ■ Aðgerð komin vel á veg ■ Aðgerð lokið

Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála Málefнасvið 32

Jafnréttismál

MARKMIÐ 1:

Uppræta kynbundinn launamun í samræmi við lagaskyldur og alþjóðlegar skuldbindingar

Aðgerð	Tímabil
Verkefni um jafnrétti á vinnumarkaði og launajafnrétti kynja í samræmi við verkefni 8 í framkvæmdaáætlun stjórnvalda um jafnréttismál.	2017-2019
Ráðuneyti og stofnanir ríkisins innleiði jafnlaunastaðal og hljóti jafnlaunavottun. Skilgreina þarf kröfur faggildingasviðs til vottunarstofa og efla verkfæri til innleiðingar staðalsins.	2017-2022

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 2:

Samþætting kynja og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunartöku ráðuneyta og stofnana ríkisins

Aðgerð	Tímabil
Gátlisti um jafnréttismál fylgi stjórnarfrumvörpum.	2017-2019

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

MARKMIÐ 3:

Draga úr heimilisofbeldi, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, með auknu og efldu samstarfi milli menntakerfisins, réttarvörslukerfisins og velferðarkerfisins

Aðgerð	Tímabil
Gerð og innleiðing heildstæðrar áætlunar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunartöku ráðuneyta og stofnana ríkisins.	2017-2019
Innleiðing áætlunar um aðgerðir gegn ofbeldi samkvæmt samstarfsyfirlýsingu fjögurra ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi í íslensku samfélagi.	2017-2019
Eftirfylgni innleiðingar Ístanbúl alþjóðasáttmálans með tilliti til þess að veita þolendum heimilisofbeldis/kynbundins ofbeldis viðeigandi/ nauðsynlega aðstoð og stuðning.	2017-2019

█ Aðgerð ekki hafin
 █ Undirbúningur hafinn
 █ Aðgerð hafin
 █ Aðgerð komin vel á veg
 █ Aðgerð lokið

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2018

Fjölskyldumál 29.40	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	66,4
Launaendurmat málaflokks	23,4
08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi	-1,1
08-801 Greiningar- og ráðgj. stöð	-7,5
08-805 Þjónustu- og þekkingarm.stöð	-3,3
08-821 Barnaverndarstofa	-9,8
08-870 Samningar	-0,9
Staða varasjóðs í lok árs	67,2

Vinnumarkaður og atvinnuleysi 30.20	Fjárhæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	19,0
Engu var ráðstafað af varasjóði	
Staða varasjóðs í lok árs	19,0

Fjárhæðir í milljónum króna

Frávikagreining og árslokastaða ríkisaðila og fjárlagaliða

Uppsöfnuð frávik frá áætlun ársins



Fjárhæðir í milljónum króna



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

Árskýrsla félagsmálaráðherra

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6 - 105 Reykjavík
545 8100 | frn@frn.is

Júlí 2019 | ISBN: 978-9935-477-67-5

Ábyrgðarmaður: Ásmundur Einar Daðason
Umsjón: Félagsmálaráðuneytið

@ 2019 – Félagsmálaráðuneytið

stjornarradid.is

Ársskýrsla
félagsmálaráðherra
2018